

# Hverfisráð Hríseyjar

## 143. fundur

Aðalfundur hverfisráðs Hríseyjar haldinn 27. maí 2021 kl. 16:00 í íþróttahúsinu í Hrísey.  
Mætt voru: Ingólfur Sigfússon, Claudia Werdecker, 18 fundargestir og 2 bæjarfulltrúar.

### Dagskrá:

#### 1. Kosning fundarritara og fundarstjóra

- Fundarstjóri Halla Björk Reynisdóttir
- Fundarritari Sóley Björk Stefánsdóttir

#### 2. Skýrsla hverfisráðs fyrir starfsárið 2020

- Ingólfur Sigfússon flutti skýrslu hverfisráðs

#### 3. Kosning til hverfisráðs

- Aðalmenn
  - i. Júlía Mist Almarsdóttir, 20 atkvæði
  - ii. Ingólfur Sigfússon 19 atkvæði
  - iii. Ólafur Búi Ólafsson 13 atkvæði
- Varamenn
  - i. Kristinn Árnason
  - ii. Friðrik Ingimarsson
  - iii. Ásrún Ýr Gestsdóttir

#### 4. Önnur mál

- Halla Björk Reynisdóttir sagði frá því að fjármagn vegna Brothættra byggða hefði ekki verið fullnýtt og að í samráði við Byggðastofnun hefði verið ákveðið að ráðstafa fjármagninu sem nemur 2,5 milljónum króna í verkefni sem nýtast samfélaginu.
- Ingólfur Sigfússon tók til máls og þakkaði fyrir kjör í hverfisnefnd og þakkaði fráfarandi nefndarfolki góð störf. Hann bar kveðju frá Maríu H. Tryggvadóttur verkefnastjóra ferðamála á Akureyrarstofu og sagði frá því að Sigríður Örvarsdóttir safnafræðingur og hönnuður hefði verið ráðin til að endurskoða og endurbæta sýninguna í Húsi Hákarla Jörundar í sumar. Hún mun koma nokkrar ferðir út í eyju, skoða munina í húsinu, mögulega taka einhverja muni í burtu og bæta öðrum við í samstarfi við Minjasafnið, gera texta um muni og efni sýningarinnar svo hún verði aðgengilegri og meira upplýsandi. Hann sagði einnig frá því að styrkur fékkst úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða í aukaúthlutun í maí, kr. 5.400.000 til að vinna í Háborðinu. Skilti um Hrísey í tengslum við Norðurstrandaleið - Arctic Coast Way - er að koma úr prentun, annað fer á WC skúrin á Árskógssandi og hitt fer á hvíta skúrin sem Heimir Sigurgeirs og þau í Ystabæ eiga á hátíðarsvæðinu, með þeirra leyfi. Akureyrarstofa óskar eftir fréttum og myndum frá Hrísey til að koma jákvæðri umfjöllun á leiðis til fjölmiðla. Óskað er eftir að fá fleiri fréttir og myndir frá Hrísey og hvetur ráðið íbúa til að senda til Akureyrarstofu.
- Fyrirspurn um rafmagnsmál og rekstur varaafis til framtíðar. Ingólfur vísaði í svör frá RARIK.

Fundi slitið kl 16:42.